

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Berist til forseta bæjarstjórnar og
formanns bæjarráðs

Reykjavík 4. september 2017

Undirritaðir nefndarmenn í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumörkun í fiskeldi fara fram á opinbera afsökunarbeiðni Ísafjarðarbæjar vegna ummæla sem Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar létt falla framsögu á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hinn 24 ágúst s.l. og birt hafa verðið opinberlega á facebook síðu sveitarfélagsins. Í ummælum bæjarsjórans fólst gróf og ósönn ásökun um að fulltrúi veiðiréttarhafa og fulltrúar laxeldisfyrirtækjanna hafi sýnt af sér af óheilindi og óheiðarleika í störfum sínum. Vísað er sérstaklega til þeirra fullyrðinga bæjarstjóra að framangreindir fulltrúar hafi "plottað" og haft "hrossakaup" sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að ekki yrði leyft sjókvældi í Ísafjarðardjúpi og laxeldisfyrirtæki fulltrúa Landssambands fiskeldisstöðva nytu jafnfram góðs af meintum hrossakaupum. Rétt er að upplýsa bæjarstjórn um að samkomulag varð í nefndinni um að leggja áhættumat Hafrannsóknarstofnunar til grundvallar sem stjórntæki við framleiðsluheimildir á frjóum laxi í sjókvíum við Ísland. Það samkomulag var gert áður en áhættumatið lá fyrir. Einnig er rétt að upplýsa bæjarstjórn um að hagsmunaaðilar höfðu ekki áhrif á áhættumatið eða forsendur þess, enda hluti samkomulagsins að leggja skyldi vísindalega vinnu til grundvallar matinu.

Framkomin sjónarmið um að víkja hafi átt frá áhættumatinu í niðurstöðum nefndarinnar geta ekki afsakað ásakanir bæjarstjóra á hendur undirrituðum, sem eru, hvort í senn, ærumeiðandi og óboðlegar opinberu stjórnvaldi. Bæjarstjóra hefur verið boðið að draga ummæli sín til baka og leggja fram afsökunarbeiðni en því hefur hann hafnað.


Farið er fram á opinbera afsökunarbeiðni vegna tilhæfulausra ásakana bæjarstjóra sem telja verður á abyrgð bæjarstjórnar þar sem bæjarstjóri setur dylgjur sínar fram á fundi sem bæjarstjórn birtir síðan upptökur af á opinberum vettvangi. Upptökurnar birtast síðan í framhaldinu á BB.is sem er víðlesinn fréttamiðill.

Einnig er farið fram á afrit af fundargerð bæjarstjórnar nr. 402 svo kanna megi hvort hin ærumeiðandi ummæli bæjarstjóra í okkar garð sé þar að finna. Þá er farið er fram á að erindi þetta verði tekið fyrir í bæjarráði og bæjarstjórn og liggi með því fyrir í málaskrá sveitarfélagsins líkt og reglur kveða á um.


Verði ekki orðið við framangreindri kröfu áskiljum undirritaðir allann rétt til að fá ósönn ummæli bæjarstjóra ómerkt með öðrum þeim úrræðum sem tiltæk eru.

Óskað er svars innan 14 daga frá móttöku bréfsins.


Virðingarfyllst



Óðinn Sigþórsson



Guðmundur Gíslason



Kjartan Ólafsson